

Fréttabréf



9. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2011

Viðtal við formann FIT

**Tillögur
uppstillingarnefndar**

**Umsókn um orlofsdvöl
- íbúðin á Spáni**



Bridge hófst 20. janúar

Bridge-spilararnir byrjuðu aftur fimmtudaginn 20. janúar með hraðsveitakeppni. Spilað verður í Borgartúni 30 á 2 vikna fresti á fimmtudögum í vetur til og með 14. apríl og hefst spilamennska kl. 19:30.

Dagskráin verður sem hér segir:

20. janúar - Hraðsveitakeppni

03. febrúar - Hraðsveitakeppni

17. febrúar - Tvímenningskeppni

03. mars - Tvímenningskeppni

17. mars - Sveitakeppni

31. mars - Sveitakeppni

14. apríl - Einmenningur og uppgjör vetrarins

Veiðikortið 2011

Veiðikortið mun verða til sölu á orlofsvef FIT á sama góða lága verðinu. Kortið kostar í lausasölu kr. 6.000, eins og í fyrra, en á orlofsvef FIT mun kortið kosta kr. 3.000. Hver félagsmaður mun get keypt 1 kort á þessum kjörum.

Út í bláinn

„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta



sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu - einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Oftast er farið í léttar gönguferðir þar sem fræðst er um það sem fyrir augu ber og slegið á léttu strengi.

Miðað er við að ferðir verði síðasta sunnudag hvers mánaðar fram til maí.

Frekari upplýsingar fást á heimasíðum félaganna eða á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Fréttabréf FIT
1. tbl. 9. árg. janúar 2011

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Golfmót Samiðnar

Árlegt golfmót Samiðnar verður haldið í Öndverðarnesi fimmtudaginn 2. júní n.k. (uppstigningardag) Mótið er jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaganna og eru félagsmenn FIT hvattir til að taka þátt. Skráning er á þjónustuskrifstofu iðnfélaganna, Borgartúni 30, sími 535 6000 einnig má tilkynna þátttöku með tölvupósti á netfangið helga@samidn.is. Við skráningu þarf að gefa upp nafn, kennitölu og forgjöf.

Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu Samiðnar, www.samidn.is þegar nær dregur.



Félagsskírteini - Vasadagbókin

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi hafa vasadagbókin 2011 og félagsskírteinið 2011 verið send til félagsmanna. Þeir sem ekki telja sig hafa fengið þessi gögn er bent á að hafa samband við skrifstofuna í síma 535 6000 og kanna ástæður þess.



Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu félagsins hægra megin er hnappur til að birta upplýsingar um afslætti til félagsmanna. Á síðasta sumri mátti þar finna fjölmörg fyrirtæki sem gáfu félagsmönnum FIT afslætti. Nú er unnið að endurnýjun á þessum tilboðum og verða þau birt á heimasíðunni strax og þeirri vinnu lýkur. FIT hvetur félagsmenn til að fylgjast með á heimasíðunni og notfæra sér afslætti sem bjóðast.

Sjúkrasjóðir - besta tryggingin



Ekkert tryggingafélag getur veitt sömu tryggingu og sjúkrasjóður enda er honum ætlað að vera framúrskarandi örugg trygging. Félagsmenn FIT sem lent hafa í áföllum og þurft að nota þessa tryggingu eru afar ánægðir með félagið sitt og margir hafa haft á orði að þeir hefðu ekki trúað því að félagið væri jafn öflugt og raun bæri.

Metnaður sjúkrasjóðs FIT er mikill til að standa þétt við bakið á þeim sem lenda í heilsufars-hremmingum. Langstærsti hluti af þeim sem nota þjónustuna gera það rafrænt eða í beinu sambandi við þjónustufulltrúa FIT. Örfá sérstæð mál þurfa að bíða eftir samþykkt stjórnar sem teygir sig mjög langt í að þjónusta félagsmenn.

Erfiðast er að eiga við mál sem eru bótaskyld hjá tryggingafélagunum. Þar hafa tryggingafélögin fengið þá sérstöku stöðu að geta dregið aðstoð sjúkrasjóða frá slysabótunum. Þannig eru sjúkrasjóðir farnir að niðurgreiða bætur fyrir tryggingafélögin. FIT hefur brugðist við þessu með því að heimila ekki bótagreiðslur ef um tryggingarskylt slys er að ræða, en í boði er að þeir sem á því þurfa að halda fá lán hjá sjóðnum til að brúa bil sem kann að myndast í tekjuöflun félagsmanns. Þetta er að sjálfsögðu afar óhentugt fyrirkomulag og vandséð hversvegna launþegi sem lendir í bótaskyldu slysi má ekki þiggja greiðslur frá sjúkrasjóði án þess að dregið sé af tryggingarbótum, hann þarf örugglega meira á þeirri aðstoð að halda en tryggingafélagið. Þessu þarf löggjafinn að breyta sem fyrst.

Með stofnun VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs hefur orðið gríðarleg bylting í þjónustu

við einstaklinga sem lenda í langtíma veikindum. VIRK var stofnað af aðilum vinnumarkaðarins á grundvelli kjarasamninga á árinu 2008. Strax um haustið 2009 komu fyrstu ráðgjafarnir til starfa og núna í janúar 2011 hafa um 1550 einstaklingar fengið þjónustu á vegum VIRK. Með þátttöku FIT í VIRK - starfsendurhæfingarsjóði er félagsmönnum fylgt eftir af bestu getu til að ná fram einstakri og persónulegri þjónustu allt frá kulnun í starfi til mikilla veikinda eða slysa. Lögð er áhersla á að aðstoða alla leið, þ.e. að fundin séu úrræði sem henti hverjum og einum til framtíðar. Þeir félagar sem notið hafa þessarar þjónustu bera henni mjög góða sögu. Á heimasíðu VIRK má finna frásögur þeirra sem notið hafa þjónustunnar, „Einfaldlega frábært“, „Lífið brosir við mér á ný“, eða „aðstoðin opnaði mér nýjar leiðir“. FIT kemur að starfsendurhæfingu í Reykjavík, Reykjanesi, Suðurlandi, Vestmannaeyjum og Vesturlandi, auk þess sem félagsmenn annarsstaðar á landinu fá samþæfilega þjónustu í heimabyggð.

Um leið og ég hvet alla til að tryggja sig á ódýran og öruggan hátt með félagsaðild að FIT, vil ég enda þennan pistil á broti úr reynslusögum félagsmanns FIT sem finna má á heimasíðu virk.is

„Það eru oft á lofti raddir um að það sé til lítils að borga í verkalýðsfélög. Þegar ég þurfti á FIT að halda kom í ljós að ekkert tryggingafélag getur gert nálægt því jafn vel. Mér var bjargað og nú ljómar lífið við mér á nýjum brautum“.

Ármann Ægir Magnússon, gjaldkeri FIT

Ertu að hugsa um að flytja utan?

Skrifstofu FIT berast annað slagið fyrirspurnir um hvað gera þurfi þegar flutt er erlendis. Hér á eftir eru upplýsingar fyrir þá sem eru að velta fyrir sér eða ætla að flytja til einhvers Norðurlandanna.

Á eftirfarandi slóð má finna gagnlegar upplýsingar í samantekt sem heitir "Hvað gerist þegar þú flytur á milli Norðurlandanna? Almennatryggingar og félagsleg aðstoð.

http://www.nordsoc.org/Global/pdf/broschyr_isl%C3%A4ndska.pdf.

HALLO NORDEN

Er sérstakur vefur á öllum Norðurlandamálunum þar sem fræðast má um flesta þá hluti sem huga þarf að við flutning til Norðurlandanna og má segja að þarna sé um skyldulesningu að ræða. Þarna er að finna upplýsingar varðandi flutning, nám eða vinnu og aðrar hagnýtar upplýsingar.

<http://www.hallonorden.org>

Iðnaðarmenn sem flytja til Norðurlandanna og ætla að vinna þar ættu að fá vottorð um staðfestingu á félagsaðild að stéttarfélagi. Hafið samband við þjónustuskrifstofuna, sími 535 6000

ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ HJÁ NORRÆNA FÉLAGINU WWW.NORDEN.IS

Á námskeiðinu er fólk kennt að flytja til Norðurlanda, nánari upplýsingar um skráningu fást hjá Ölmú Sigurðardóttur á skrifstofu Norræna félagsins og á www.norden.is.

VINNUMÁLASTOFNUN - WWW.VINNUMALASTOFNUN.IS E-301 VOTTORÐ

Ef einstaklingur ætlar í atvinnuleit í öðru EES-landi er hægt að fá vottað að hann hafi verið atvinnuleysistryggtur á Íslandi. Þetta er gert með því að sækja um E-301 vottorð með því að fylla út eyðublaðið E-301/N-301 og skila því til Vinnumálastofnunar ásamt vottorðum frá þeim vinnuveitendum sem þú hefur verið hjá s.l. 3 ár. Þetta er hægt hvort sem einstaklingur á rétt á atvinnuleysisbótum hér á landi eða ekki.

E-303 VOTTORÐ

Ef atvinnulaus einstaklingur ætlar í atvinnuleit til EES-lands getur hann að uppfylltum skilyrðum

fengið heimild til að halda atvinnuleysisbótum sínum í allt að 3 mánuði meðan á atvinnuleitinni stendur og fengið þær greiddar í því landi sem hann ætlar að leita sér að vinnu.

Umsóknareyðublað um E-303. fæst hjá Vinnumálastofnun/ Atvinnuleysistryggingasjóði, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, hér á vefnum eða hjá svæðisvinnumiðlunum.

TRYGGINGASTOFNUN - WWW.TR.IS

HVAÐ ER E 101

E 101 IS er vottorð um hvaða löggjöf skuli gilda. Vottorðið er einungis notað á Evrópska efnahags-svæðinu (EES svæðinu) og er vottorðið sönnun þess að starfsmaður falli undir íslenska almannatryggingalöggjöf meðan á erlendum starfstíma stendur. Vottorðið er einungis gefið út á launþegann eða sjálfstætt starfandi einstaklinginn. Maki og börn eru einnig tryggð í gegnum E 101 vottorðið svo framarlega sem maki er ekki í vinnu. Nafn maka og barna koma ekki fram á E 101 vottorðinu þó svo að þau falli undir trygginguna. Nöfn maka og barna eru hins vegar skráð í tryggingaskrá Tryggingastofnunar sem heldur utan um tryggingaréttindi viðkomandi starfsmanns. Með því að framvísa E 101 í starfslandi þá er viðkomandi starfsmaður/sjálfstætt starfandi undanþeginn því að greiða tryggingagjald til viðkomandi lands. Vottorðið á að koma í veg fyrir tvígreiðslu gjalda þannig að tryggingargjald sé einungis greitt á einum stað þar sem viðkomandi er skráður í almannatryggingar. E 101 vottorðið gæti þurft að framvísa hjá skattayfirvöldum í viðkomandi starfslandi eða hjá þeim aðila sem annast innheimtu tryggingagjalda. E 101 IS er gefið út á íslensku og gefa önnur EES lönd einnig út vottorð sín á sínu eigin tungumáli.

HVAÐ ER E 106

E 106 IS er sjúkratryggingavottorð, sem er gefið út samhliða E 101 vottorði ef starfsmaður flytur fasta búsetu sína til starfslandsins. Starfsmaðurinn verður að skrá sig og sína fjölskyldu hjá þeim aðila sem annast sjúkratryggingar í viðkomandi landi sbr. leiðbeiningar á E 106 vottorðinu. Ef um skemmri tíma er að ræða þá getur viðkomandi einstaklingur/sjálfstætt starfandi notað Evrópska sjúkratryggingavottorðið EHIC kortið.



Ljósmyndir teknar á aðalfundi FIT 2010

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fimm meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, uppstillingarnefnd og helming trúnaðarráðs árlega.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar milli aðalfunda.

Uppstillingarnefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endur-

spjega sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar

„Við erum sífellt að leita leiða til að gera þjónustuna við félagsmenn aðgengilegri“ segir Hilmar Harðarson, formaður FIT.

Öflugt félag er okkur mikilvægt


HVERNIG HEFUR FÉLAGIÐ VERIÐ AÐ PRÓAST?

Það sem stendur í raun upp úr er hvað okkur gekk vel strax frá upphafi og fólk hafði trú á þeirri uppbyggingu sem við stefndum að.

Það var vorið 2003 sem Bíliðnafélagið, Félag blikksmiða, Málarafélag Reykjavíkur, Sunniðn, Félag byggingamanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumanna sameinuðust. Svo hafa bæst í hópinn, Sveinafélag málmiðnaðarmanna á Akranesi í ágúst

2004, Iðnsveinafélag Suðurnesja um áramót 2007, Sveinafélag Járniðnaðarmanna í Vestmannaeyjum í júlí 2007, Sveinafélag pípulagningamanna um áramót 2008, Múrarafélag Reykjavíkur um áramót 2009 og Félag tækniteiknara í ágúst 2010. Félagsmenn í FIT eru nú um 4.400 talsins. Það má því segja að okkur hafi tekist ætlunarverk okkar, það er að stofna öflugt stéttar- og fagfélag fyrir iðnaðarmenn og starfsfólk í tæknigreinum.

Þróun FIT (fjöldi félagsmanna)





Hilmar Harðarson, formaður FIT

Það er ljóst að iðnaðarmannasamfélagið á Íslandi gæti rúmast í einu sterku stéttarfélagi. Sérstaða FIT er fjölbreytileikinn í störfunum sem standa á bak við félagið en FIT er eina stéttarfélagið sem þjónustar svo margar ólíkar iðngreinar. Hugsunarhátturinn hefur breyst frá því sem áður var. Það mikilvægasta er sameiginlegt, þ.e. kaupkröfurnar og réttindabaráttan og sú barátta er svipuð fyrir alla. Málefni hvorrar faggreinar fyrir sig er svo úrvinnsluefni innan félagsins. Þar er oftast ekki um að ræða fræðslumál eða eitthvað sem snýr að viðkomandi ráðuneyti frekar en atvinnurekendum. Félagið leggur miklu áherslu á að þjónusta faggreinarnar með því að halda faggreinafundi á Akranesi, Reykjavík, Reykjanesi, Selfossi, og Vestmannaeyjum. Við hlúum vel að því í okkar skipulagi að allar faggreinar séu jafnar og með aðkomu í stjórn.

HAGRÆÐING OG VIRK ÞJÓNUSTA

Félagið er að virka mjög vel. Okkur hefur tekist að ná fram mikilli hagræðingu eftir því sem það hefur stækkað. Mikið hefur verið unnið að bættri þjónustu á vefnum og í dag geta félagsmenn t.d. afgreitt sig sjálfir þegar þeir vilja panta orlofshús. Við erum sífellt að leita leiða til að gera þjónustuna við félagsmenn aðgengilegri og betri á vefnum. Sú

þróun heldur áfram. Við stefnum nú að því að opna félagavef þar sem félagsmenn geta opnað sitt svæði og séð yfirlit og fengið upplýsingar yfir allt sem þeim tengist og öll samskipti við félagið. Starfsfólki skrifstofunnar hefur gengið vel að sinna sífellt fleiri verkefnum í félagi sem stækkar stöðugt, og ekki þurfti að bæta við mannskap út af álagi sem myndast við hrunið.

HVERNIG GENGUR UNDIRBÚNINGUR KJARASAMNINGA?

Kjarasamningar urðu almennt lausir í kringum áramótin. Við höfum verið að undirbúa samningagerðina og erum að leggja fram kröfugerðina þessa dagana. Það er alveg ljóst að iðnaðarmannasamfélagið ætlar að fara fram með grunnatriði sem snúa að





iðnlöggjöfinni, baráttu gegn kennitölufлакki, ábyrgð undirverktaka og starfsmannaleigum.

Svigrúm atvinnurekenda til kauphækkana er mjög mismunandi. Það má segja að það sé skilningur á almenna markaðnum að einhver kauphækkun verði að koma, sem er öfugt við skilaboðin sem eru að koma frá hinu opinbera. Það verður að koma til kaupmáttaraukning hvort sem hún er fengin með prósentuhækkun launa eða einhverju öðru. Það eru alveg hreinar línur að við viljum endurheimta kaupmátt launa.

Ég vona eins og aðrir að atvinnulífið fari að taka við sér. Endurgreiðsla á virðisaukaskattinum vegna framkvæmda hefur stuðlað að jákvæðri innspýtingu á markaðinn. Með hækkandi sól og fleiri verkefnum mun vonandi rétta aftur úr kútnum launalega séð. Hlutur stjórnvalda í þróuninni er því afar mikilvægur. Við höfum ákveðnar hugmyndir um að þau verkefni sem eru í umræðunni í dag, eins og nýr Landsspítali og virkjunarframkvæmdir, muni þróast í rétta átt á næstu tveimur árum og það gæti því orðið viðunandi ástand á vinnumarkaði. Mikilvægast núna er að koma þessum verkefnum af stað til að útrýma atvinnuleysinu og komast út úr kreppunni. Hins vegar er mjög gagnrýniverð að allar hækkanir opinberra aðila undanfarið hafa með beinum hætti áhrif á neyslúvísitöluna og þar með verðbólguna, og við skiljum ekki hve langt er gengið í þeim efnum þar sem kjarasamningar eru lausir, og því þarf að gera frekari kröfur til að rétta af kaupmáttinn.

Við teljum einnig að aðstæðurnar séu fyrir hendi að lækka vöruverð vegna þróunar í gengismálum og í verslun. Það er mikið af tilboðum í gangi og það sýnir að það er borð fyrir báru að lækka vöruverð almennt. Það er á ábyrgð allra aðila í samfélaginu að allir skili sínu.

Fólk gerir sér alveg grein fyrir stöðunni og hefur ekkert óraunhæfar væntingar. Það hefur verið hljómgrunnur á mörgum fundum okkar með félagsmönnum að skoða möguleikann á að gera þriggja ára samning þar sem skoðaðar eru efndir á hverju ári. Það kemur því til skoðunar. Hinn möguleikinn er að gera stuttan samning.

HVERNIG ÞJÓNUSTU VEITIR FIT FÉLAGSMÖNNUM?

Við höfum lagt metnað okkar í að styðja við þá félagsmenn sem missa vinnuna og aðstoðum þá í að bæta kunnáttu sína og við að leita nýrra starfa. Hjá Iðunni fræðslusetri hefur atvinnulausum félagsmönnum staðið til boða að sækja margskonar námskeið sér að kostnaðarlausu en námskeiðin geta víkkað svið fólks, gert það verðmætara á vinnumarkaðnum og auðveldað fólki að komast aftur í vinnu. Einnig geta félagsmenn óskað eftir því að félagið sendi þeim tölvupóst komi til þess að fyrirtæki hafi samband vegna þess að þá vanti starfskrafta. Þannig myndum við t.d. láta bifvélavirkja vita ef verkstæði hefði samband við okkur og það er alltaf eitthvað um það.

Félagsmenn okkar hafa einnig sótt meira í sjúkra-sjóðinn, Virk starfsendurhæfingu og menntasjóðinn. Þau eru fjölmörg verkefni sem FIT aðstoðar félagsmenn með við þessar aðstæður en mesta vinnan fer í kröfugerðir fyrir félagsmenn okkar þegar fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota. Meðan allt lék í lyndi voru menn ekki eins uppteknir af þeim grunnildum kjarasamningsins sem við höfðum verið að vinna að í mörg ár. Nú er komið í ljós hve sterk uppbygging er í okkar samfélagi á grunnkjarasamningunum og hve miklu skiptir að hafa byggt upp réttindi sem styðja við bakið á okkur þó að djúp kreppa dynji á.

Orlofssjóðurinn er mjög öflugur. Fyrir utan að geta sótt í 32 orlofshús eru ýmis tilboð og afslættir sem mikið eru notaðir. Þar má nefna flugmiða, sólarlandaferðir, hótulgistingar og veiði- og útilegukort. Allt þetta geta félagsmenn nálgast rafrænt á vef félagsins.

Í fræðslumálum erum við með tvennt í gangi. Við erum annars vegar með menntasjóð FIT og hins vegar með fræðslugjald fyrir hverja grein sem rennur allt beint til Iðunnar fræðsluseturs. Menntasjóður FIT er fjármagnaður af félagsgjaldinu, sem er lágt eða 0,7% af launum og að hámarki 36 þús. kr. á ári en þetta er hluti af sérstöðu félagsins. Ef sótt

er um námskeið sem ekki eru í lðunni geta félagsmenn sótt um styrk í menntasjóðinn. Úr honum greiðum við allt að 40 þúsund krónur á þrem árum, sem er rúmlega árs félagsgjald. Okkur er því þröngur stakkur skorinn í menntastyrkjum nema félagsmenn vilji hækka félagsgjaldið sem ég á ekki von á.

Ég fullyrði að við bjóðum framúrskarandi þjónustu á lágu félagsgjaldi og óttumst alls ekki samkeppni frá öðrum stéttarfélögum. Og þetta byggjum við ekki síst á árangri okkar í að stækka og efla félagið með sameiningum, en vegna þess höfum við af enn meiri krafti getað nútímavætt félagið og fært þjónustuna beint til félagsmannsins á vefnum. Vöxtur félagsins er að vinna með okkur í þessu, og FIT er eftirsóttur samstarfsaðili meðal annarra stéttarféлага.

HVAÐ ER Á DÖFINNI HJÁ FÉLAGINU?

Stóra málið næstu vikurnar eru kjarasamningarnir. Það eru flest allir samningar lausir og gríðarleg vinna framundan í kringum þá. Ég vil koma á framfæri þakklæti til trúnaðarmanna félagsins og fólks í greinunum okkar fyrir fórnfúsa vinnu við kröfugerðina. Við höfum aldrei haft eins mikið aðgengi að fólki og nú í þessari undirbúningsvinnu en við notuðum svokallaða þjóðfundaraðferð.

Við erum stöðugt að byggja upp félagavef FIT en það var ákveðið að slá ekki af þjónustu við félagsmenn enda erum við stöndugt og vel stætt félag og teljum að það sé einmitt á svona tímum sem eigi að nýta fé félagsins til að styrkja félagsmenn.

Rekstur orlofshúsanna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í okkar starfi. Það hefur sýnt sig í skoðanakönnunum hjá okkar félagsmönnum að menn telja þjónustuna góða og að það sé mikilvægt að svo sé. FIT vinnur stöðugt að endurbótum á orlofshúsum félagsins og við munum skoða áfram spennandi möguleika, til að mynda í landi Öndverðarness þar sem við gætum bætt okkar þjónustu og byggt ný hús. Einnig má segja að húsið okkar á Flórída hafi slegið í gegn. Við keyptum það á réttum tíma, og það er notað allt árið um kring og má segja að það sé full bókað á þessu ári. Það er því áframhaldandi uppbygging og metnaður í þessum málum þrátt fyrir árferðið. Nýtingin á orlofshúsunum hefur aldrei verið betri enda leigan ekki hækkað svo neinu nemi. Þannig eru orlofshúsin eitt af aðalsmerkjum félagsins.

Tvö mál hafa borið aðeins á góma undanfarið og mig langar að koma aðeins inn á þau. Við stofnun félagsins var ákveðið að greiða stjórnarmönnum ekki laun fyrir setu sína þar, en til að gera þá hæfari mætti í staðinn verja um 150 þúsund á ári til endurmenntunar fyrir hvern stjórnarmann. Á þessum tæpum átta árum frá stofnun FIT hefur

þessi möguleiki verið nýttur tvisvar, í bæði skiptin í fræðsluferðir erlendis. Þetta er mun hagkvæmari kostur fyrir félagið en sú leið að greiða öllum stjórnarmönnum stjórnarlaun. En þar sem spurningar hafa vaknað um þetta fyrirkomulag hefur stjórnin tekið þá ákvörðun að taka málið upp á aðalfundi og ræða hvort greiða eigi stjórnalaun eða halda óbeittu fyrirkomulagi. Báðar þessar aðferðir þekkjast í öðrum stéttarfélögum.

Einnig hefur orðið umræða um endurnýjun á bíl sem ég hef til umráða og þá hvort að félagið eigi að eiga bílinn eða hvort nýttur er annar bíll og félagið greiði kílómetragjald fyrir notkun hans. Formaður FIT þarf að hafa bíl til umráða til að geta sinnt samskiptum við félagsmenn með vinnustaðaheimsóknum og beinum samskiptum við grasrót félagsins. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að við rekum skrifstofur á sex stöðum á landinu. Félagið þarf því með einum eða öðrum hætti að hafa aðgang að bíl og það fyrirkomulag að FIT eigi bílinn byggir alfarið á því mati endurskoðanda FIT að félagið komi betur út fjárhagslega með því að eiga bílinn en að greiða kílómetragjald. En þetta er auðvitað skoðað og metið í hvert skipti með hagsmuni félagsins í huga og verður þannig áfram. Ef forsendur breytast þá verður þessu breytt.



HVERNIG MUN FÉLAGIÐ ÞRÓAST Á NÆSTUNNI, FREKARI STÆKKUN?

Fjárhagsstaða félagsins er góð. Við erum með sterka sjóði, félagssjóð, sjúkrasjóð, verkfallssjóð og menntasjóð. Við komumst tiltölulega vel frá þessu hruni fjárhagslega, þó vissulega hafi eitthvað tapast og erum með eignir uppá 1,4 milljarða þannig að við stöndum vel.

Við erum búin að byggja upp góðan grunn sem hægt er að víkka út og byggja ofan á ef aðrir hafa áhuga á að taka þátt. Það er stöðugt verið að ræða sameiningar við FIT en okkar markmið er að sjálfsögðu fyrst og fremst að sinna öllum okkar félagsmönnum sem best á sem hagstæðastan hátt. Við höfum það sem grundvallarmarkið að veita fyrirmyndar þjónustu fyrir lágt gjald.

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI EÐA FERÐATILBOÐ SUMARIÐ 2011



Einfaldast er að fylla umsóknina út á vef FIT www.fit.is eða senda til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Fax 5356020 - Sími 5356000 - Tölvupóstur: orlof@fit.is

Nafn _____ Kennitala _____
Heimili _____ Póstnúmer _____
Vinnustaður _____ Sími (gsm) _____
Netfang _____

ÍBÚÐ Í TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 60.000 (lokaþrif innifalin) og einungis leigð til tveggja vikna í senn. Leigjendur sjá alfarið um að koma sér til Torrevieja en Sumarferðir fljúga til Alicante á sunnudögum, þriðjudögum og fimmtudögum í sumar og bjóða félögum FIT sérkjör á þeim ferðum. Iceland Express flýgur einnig til Alicante og eins má fá ódýr flug frá t.d. London eða Kaupmannahöfn.

FERÐATILBOÐ SUMARFERÐA, PLÚSFERÐA EÐA ÚRVALS-ÚTSÝNAR

Að þessu sinni er boðið upp á 30 tilboðsferðir að eigin vali til einhvers af áfangastöðum Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða kr.5.000 fyrir staðfestingu á afslætti uppá kr. 35.000 Viðkomandi fær úthlutað afsláttarnúmeri sem hann í framhaldinu getur notað beint á vef viðkomandi ferðaskrifstofu eða framvísað hjá ferðaskrifstofunum og nýtt sér þannig afsláttinn. **Ferðatilboðið gildir í allar pakkaferðir ofangreindra ferðaskrifstofa á tímabilinu frá maí til loka september 2011.**

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um tvo valkosti Torrevieja á Spáni og ferðatilboð með Sumarferðum, Plúsferðum eða Úrvali-Útsýn. Merkið **með tölunni 1** sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 eða 6 til vara.

Vika nr.	1	2	3	4	5	6	7
Upphafsdagur	15. maí	29. maí	12. júní	26. júní	10. júlí	24. júlí	7. ágúst
Lokadagur	29. maí	12. júní	26. júní	10. júlí	24. júlí	7. ágúst	21. ágúst
Torrevieja							

Ferðatilboð Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar	
---	--

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 11.FEBRÚAR

Sjá nánar á www.fit.is – www.sumarferdir.is – www.plusferdir.is – www.uu.is



Upplýsingar um íbúðina á Spáni

Heimilisfang: El Molino, Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino, Fase II, Torre Vieja, Alicante Spánn, (5 hæð íbúð nr.9).

Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum. Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

ÍBÚÐIN ER Á EFSTU HÆÐ (5. HÆÐ). LYFTA ER Í HÚSINU.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spílasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir.

Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Flug- og hótelmiðar

Á orlofsvef FIT verður í sumar boðið uppá margskonar tilboð. Þar má nefna afsláttarvísanir hjá Icelandair og Iceland Express. Þá verður hægt að kaupa afsláttarmiða á Fosshótelin.

Eins og áður sagði verður hægt að kaupa þetta á orlofsvefnum og verður að fylgjast með á heimasíðu félagsins hvenær tilboð koma inn og hvort miðar hafi selst upp. Eins verður þar að finna upplýsingar um verð og annað sem kann að skipta máli.



Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

Í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir, Úrval-Útsýn og Plúsferðir, býður FIT félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna sumarið 2011.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 11. febrúar og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofssjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli.

Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Með staðfestingu frá FIT fer félagsmaðurinn til einhvers af ferðaskrifstofunum og framvísar plagginu og fær afslátt á ferð sem hann hefur pantað eða ætlar að panta til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á orlof@fit.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 11.FEBRÚAR

Allar nánari upplýsingar hjá þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000



SÍMENNTUN Í IÐNAÐI VORIÐ 2011

NÁMSKEIÐ Í JANÚÁR 2011


Námskeið hefs	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
Móttaka nema í vinnustaðanámi																															
Wallcrete																															
Tilboðsgerð																															
Brunapéttingar - Reykjavík																															
AutoCAD 2011 & AutoCAD LT 2011* Grunnnámskeið																															

NÁMSKEIÐ Í FEBRÚAR 2011

NÁMSKEIÐ I FEBRUAR 2011		Námskeið hefs	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
Vökvatækni - virkni vökvakerfa	1.2.2011																													
Marmaramálun	4.2.2011																													
Móttaka nema í vinnustaðanámi. Nánar á bls. 11	7.2.2011																													
Vinnuvörur og ofnæmi	7.2.2011																													
Blöndun drykkja - fyrsta lota 8. feb. Nánar á bls. 36	8.2.2011																													
Málmsuða – grunnur	8.2.2011																													
Tölvur ekkert mál	8.2.2011																													
Brunapéttingar - Selfoss	11.2.2011																													
Autodesk Inventor 2011 Essentials	11.2.2011																													
Viðgerðir og viðhald húsa	11.2.2011																													
Málmklæðningar	11.2.2011																													
Varmadælur - Egilsstaðir	11.2.2011																													
Vökvatækni – framhald af virkni vökvakerfa	15.2.2011																													
Gæðastjórnun í bakaríum	16.2.2011																													
Vatnsúðakerfi - sprinkler	18.2.2011																													
Gluggaviðgerðir - Borgarnes	19.2.2011																													
Pinnasuða	22.2.2011																													
Photoshop	22.2.2011																													
Rafmagnshandverkfæri - Reykjavík	24.2.2011																													
Rafmagnshandverkfæri - Akureyri	25.2.2011																													
Ábyrgð byggingastjóra	26.2.2011																													

NÁMSKEIÐ Í MARS 2011

Námskeið hefs	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
Vökvatækni - rekstur, viðhald og bilanagreining																															
Internetið																															
Gaslagnir																															
AutoCad 2011 Þrívídd																															
Steypuviðgerðir																															
Logsuða																															
TIG-suða																															
Handbók lagnakerfa																															
Raki og mygla í húsum - Reykjavík																															
Löggilding mannvirkjahönnuða																															
Húsgagagnaviðgerðir																															
Gluggaviðgerðir - Akureyri																															
Einangrun mannvirka																															
Viltu lækka rekstrarkostnaðinn?																															
Veislur og veisluborð																															
Raki og mygla í húsum - Selfoss																															
AutoCAD Electrical 2011 Essentials® (IEC Standard)																															
Lagnir í sumarhús																															
Dúklagnir í votrymum																															
MIG / MAG-suða																															
Excel																															
Heit vinna																															
Plastsuða - Nánar á bls. 31																															
Sólpallar og skjólgirðingar																															
Gluggaviðgerðir - Reykjanesbæ																															
Varmadælur - Ísafjörður																															
Stjórnstöðvar hitakerfa																															
löntölvustýringar																															





NÁMSKEIÐ Í APRÍL 2011

Námskeið hefs	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
Arinhleðsla	1.4.2011																													
Að stjórna fólk á árangursríkan hátt	5.4.2011																													
PowerPoint grunnur	5.4.2011																													
Kryddun og kryddlagning	6.4.2011																													
Varmadætur - Akureyri	8.4.2011																													
Inventor 2011* fyrir innréttingasmíði	8.4.2011																													
Gallar í nýbyggingum	8.4.2011																													
Sólpallar og skjólgirðingar	9.4.2011																													
Viðhald og málun húsa	9.4.2011																													
Móttaka nema í vinnustaðanámi	11.4.2011																													
Vinnuvélanámskeið	12.4.2011																													
Excel - framhald	12.4.2011																													
Veggfóðrun	15.4.2011																													
CE merkingar byggingavara	30.4.2011																													

NÁMSKEIÐ Í MAÍ 2011

Námskeið hefs	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
Word	10.5.2011																														

ÓTÍMASETT NÁMSKEIÐ - fylgist með á idan.is

TR mælirinn	Eftir samkomulagi
Stjórnunar- og rekstrarnámskeið, D vottun SI	Eftir samkomulagi
Þjónusta og samskipti í veitingahúsum	Eftir samkomulagi
Suðupjálfun í fyrirtækjum	Eftir samkomulagi
ELMERI	Eftir samkomulagi
CNC-stýrðar iðnvélar	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Rennismiði og fræsing	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Loftræstikerfi - tilgangur og hönnunarforsendur	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Gerðir loftræstikerfa	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Uppbygging loftræstikerfa	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Rafmagnsfræði fyrir málmtæknimenn	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Kælitækni	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Kælitækni – áfylling á kælikerfi	Þegar 6 eða fleiri hafa skráð sig
Að semja sveinspróf I	Ódagsett
Að semja próf II	Ódagsett

Fjöldi námskeiða í boði á vorönn

Nýtt fræðsluár er hafið hjá IDUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða. Við hvetjum alla til að kynna sér framboðið á heimasíðu okkar www.idan.is

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á vefsíðu okkar, www.idan.is



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is



TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FÉLAGS IÐN- OG TÆKNIGREINA FYRIR AÐALFUND 2011

TILLAGA UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2013.

Formaður: Hilmar Harðarsson
Reykjavík

Ritari: Sveinn Ingasson
Hafnarfirði

Meðstjórnandi: Georg Ólafsson
Reykjavík

Meðstjórnandi: Gunnar Gunnbjörnsson
Reykjavík

Meðstjórnandi: Vilhjálmur Gunnarsson
Akranesi

Meðstjórnandi: Ólafur Magnússon
Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Valdimar Birgisson
Reykjavík

Varamaður: Þorsteinn G. Kristmundsson
Hafnarfirði

Varamaður: Rannveig María Jóhannesdóttir
Reykjavík

Tillaga um helming aðalmanna í trúnaðar-ráð til ársins 2013:

- 1 Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði, bívélavirki
- 3 Sigríður Runólfssdóttir,
Selfossi, húsasmiður
- 5 Hörður Jóhann Geirsson
Reykjanesbæ, málari
- 7 Birgir Gíslason
Kópavogi, málari
- 9 Elías Óskarsson
Mosfellsbæ, garðyrkja
- 11 María Steinmóðsdóttir
Hafnarfirði, húsasmiður
- 13 Heimir B Janusarsson
Reykjavík, garðyrkja
- 15 Ágúst Friðriksson
Hafnarfirði, blikksmiður
- 17 Hermann Halldórsson
Kópavogi, bívélavirki
- 19 Sigurður Einarsson
Akranesi, vélvirki
- 21 Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi, vélvirki
- 23 Ásbjörn Árni Árnasson
Sandgerði, smiður
- 25 Gunnlaugur Hauksson
Reykjanesbæ, málm.
- 27 Ágúst Einarsson
Vestmannaeyjum, húsasmiður
- 29 Brynjar Jónsson
Hafnarfirði, pípulagningam.

- 31 Hörður Runólfsson
Kópavogi, múrari
- 33 Hildur Ingibjörg Sölvadóttir
Kópavogi, tækniteiknari
- 35 Selma Björk Reynisdóttir
Kópavogi, tækniteiknari

TILNEFNDAR AF FTT TIL ÁRSINS 2012

- 34 Ólöf Magnúsdóttir
Reykjavík, tækniteiknari
- 36 Ingigerður Magnúsdóttir
Mosfellsbæ, tækniteiknari

Tillaga um helming varamanna í trúnaðar-ráð til ársins 2013:

- 37 Ingólfur Rögnvaldsson
Hellu, húsasmiður
- 39 Óttó Örn Pétursson
Hafnarfirði, pípari
- 41 Bjarni Helgason
Reykjavík, bifreiðasmiður
- 43 Helgi Kárasen
Reykjavík, málari
- 45 Óskar Baldursson
Hafnarfirði, garðyrka
- 47 Guðlaug F. Þorsteinsdóttir
Hafnarfirði, garðyrka
- 49 Atli Hraunfjörð
Garðabæ, málari
- 51 Jóhann B. Jónsson
Reykjavík, bifreiðasmiður
- 53 Sigurður Gísli Karlsson
Kópavogi, bífélavirki
- 55 Björn Gottskáldsson
Akranesi, stálsmiði
- 57 Ægir Magnússon
Akranesi, vélvirki
- 59 Bjarni Árnasson
Hafnarfirði, húsasmiður
- 61 Ingimundur Arngrímsson
Garði, vélvirki
- 63 Halldór Bjarnasson
Vestmannaeyjum, vélvirki
- 65 Sigurður Gunnarsson
Kópavogi, pípulagningam.
- 67 Knútur Kristinsson
Reykjavík, múrari
- 69 Áslaug Fjöla Vilhjálmssdóttir
Reykjavík, tækniteiknari
- 71 Steinunn Jónsdóttir
Reykjavík, tækniteiknari

TILNEFNDAR AF FTT TIL 2JA ÁRA

- 70 Sonja Ragnarsdóttir til ársins 2012
Hafnarfirði tækniteiknari
- 72 Ingibjörg Kristín Valsdóttir til ársins 2012
Mosfellsbæ tækniteiknari

TILLAGA UM KJÖRSTJÓRN TIL AÐALFUNDAR 2012

Aðalmenn

Maron Tryggvi Bjarnasson
Reykjavík, bifvélavirki
Kristinn Bjarnasson
Reykjavík

Varamenn

Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði, bifvélavirki
Arnar Helgasson,
Hafnarfirði

TILLAGA UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL AÐALFUNDAR 2012.

Aðalmenn:

Birgir Gíslason
Kópavogur
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði, bifvélavirki

Varamenn:

Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi, málm.
Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík, bifvélavirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND SAMEINADA LÍFEYRISJÓÐSINS ÁRÍÐ 2011

- 1 Hilmar Harðasson
Reykjavík
- 2 Tryggvi Arnarsson
Reykjavík
- 3 Sveinn Ingasson
Hafnarfirði
- 4 Ármann Ægir Magnússon
Hveragerði
- 5 Georg Óskar Ólafsson
Reykjavík
- 6 Helgi Pálsson
Reykjavík
- 7 Valdimar Birgisson
Reykjavík
- 8 Einar Þór Gíslason
Reykjavík
- 9 Vilhjálmur Gunnarsson
Akranesi
- 10 Gunnar Björn Gunnarsson
Reykjavík
- 11 Andrés Haukur Hreinsson
Bessastaðarhr

- 12 Sveinn Jónsson
Reykjavík
- 13 Þorsteinn Kristmundsson
Hafnarfirði
- 14 Helgi Ólafsson
Reykjavík
- 15 Ólafur Hafsteinsson
Hafnarfirði
- 16 Hermann Guðmundsson
Reykjavík
- 17 Kristján Geir Jóhannesson
Kópavogi

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISJÓÐSINS FESTU ÁRÍÐ 2011.

- 1 Ólafur Magnússon
Reykjanesbæ
- 2 Gunnlaugur Hauksson
Sandgerði
- 3 Hlynur Kristjánsson
Reykjanesbæ
- 4 Logi Halldórsson
Reykjanesbæ
- 5 Guðjón Þórhallsson
Reykjanesbæ
- 6 Ásbjörn Árnason
Sandgerði
- 7 Sigurður Geirfinnsson
Reykjanesbæ

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISJÓÐS VESTMANNA-EYJA ÁRÍÐ 2011

Stefán Agnarsson
Vestmannaeyjum
Rúnar Bogasson
Vestmannaeyjum

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISJÓÐS RANGÆINGA ÁRÍÐ 2011.

Árni Þorgilsson
Hvolsvelli
Ingólfur Rögnvaldsson
Hellu

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND 2011

Einar Þór Gíslason, *bifreiðasmiður*
Ólafur Hafsteinsson, *bifvélavirki*
Birgir Gíslason, *málari*
Heimir B. Janusarson, *garðyrkjumaður*
Guðmundur Bergsson, *húsasmiður*



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótfamlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is